

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Leikskólanefnd Garðabæjar
Varðandi: Garðabær
Nr. erindis: 2307119
Dags.: 18. september 2023
Málefni: Starfsumhverfi í leikskóla í Garðabæ - tillögur

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 telst leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Þar er jafnframt tekið fram að velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans.

Menntastefna Garðabæjar var samþykkt bæjarstjórn árið 2022. Eitt af markmiðum þeirrar stefnu er að starfsumhverfi skóla í Garðabæ sé eftirsóknarvert. Leikskólar í Garðabæ eru opnir allt árið og gefur það fjölskyldum ákveðinn sveigjanleika þegar kemur að orlofstíma. Val um leikskóla í Garðabæ er frjálst svo fremi sem að leikskólarými er til staðar.

Leikskólastarf á Íslandi stendur á tímamótum og mikilvægt er að skoða starfsumhverfi skólans, sérstaklega það sem snýr að velferð barna og mannauði.

Garðabær á aðild að verkefninu Barnvænt samfélag sem hefur það að markmiði að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í sveitarfélagið. Sáttmálinn á að vera gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Hugmyndafræði verkefnisins byggir meðal annars á grunnþáttum eins og þekking á réttindum barna, það sem barninu er fyrir bestu, jafnræði og barnvænni nálgun.

Ýmislegt hefur haft áhrif á starfsumhverfi leikskóla í kjarabundnum samningum starfsfólks eins og ákvæði um aukinn orlofsrétt, styttingu vinnuvikunnar og aukinn undirbúningstími.

Veikindatíðni starfsfólks í leikskólum er há og mikilvægt að bregðast við þeirri þróun. Fjarvera starfsfólks veldur auknu álagi á starfshópinn sem og auknum á kostnaði við rekstur leikskóla.

Aðsókn í nám í leikskólakennarafræðum hefur ekki náð að anna eftirspurn eftir kennurum á leikskólastigi þó vissulega hafi aðsókn aukist á síðustu tveimur árum. Fjölbreyttar námsleiðir eru í boði og hefur Garðabær lagt sig fram við að greiða götu starfsfólks í leikskólum til náms.

Ferill

Skipaður var vinnuhópur á vormánuðum sem samanstóð af stjórnendum í leikskólum, leikskólafulltrúa og sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs. Sá hópur fundaði í og lagði fram drög að tillögum í maí. Til að fá fram viðhorf starfsfólks í leikskólum var lögð fyrir könnun í júní. Niðurstöður þeirra könnunar mótuðu einnig meðfylgjandi tillögur.

Á síðastliðnum árum hefur ýmislegt í skipulagi og starfsumhverfi leikskóla breyst og eru tillögurnar viðbót við þá vinnu.

Í leikskólum Garðabæjar eru **greidd viðbótarlaun** til stjórnenda. Leikskólastjórar fá tíu tíma í yfirvinnu, aðstoðarleikskólastjórar fá sex tíma og deildarstjórar þrjá tíma.

Próunarsjóður leikskóla fær árlega úthlutað fjármagni til að stuðla að framþróun og öflugu innra starfi leikskóla í Garðabæ. Árið 2023 voru níu milljónir til úthlutunar.

Stoðþjónusta í leikskólum Garðabæjar er öflug og í hverjum leikskóla eru stöðugildi ætluð til snemmtækrar íhlutunar (0,25% á hverja deild í leikskóla), sérkennslustjórar (0,25% á hverja deild í leikskóla), starfa við hvern skóla auk starfsfólks sem vinnur í stoðþjónustu leikskóla (þjálfun og stuðningur).

Í leikskólum Garðabæjar er **stytting vinnuvikunnar** komin til framkvæmda, mismikil eftir skólum allt frá klukkustund á viku og upp í rúmlega tvær. Í viðhorfskönnun starfsfólks frá júní sl. kom eftirfarandi fram:

- 64,2% svarenda telja að innleiðing vinnustyttingar hafi gengið mjög vel eða vel en um 9% svaraði því til að það hafi gengið illa/mjög illa.
- Tæplega helmingur svarenda taldi að dagleg og vikulega stytting væri ákjósanlegust. Um 19% taldi að blanda af vikulegri styttingu og söfnun á ákveðna daga væri besta leiðin og 27% taldi að einungis söfnun á ákveðna daga hentaði best.
- Umræða um neikvæð áhrif þess á vinnustaðamenningu að kaffitímar verði ekki lengur til staðar við styttingu kom fram bæði í viðhorfskönnun og innan vinnuhópsins.
- Yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi að sameiginleg útfærsla á styttingu vinnutíma væri samræmd á starfsstöðvum.

Árið 2022 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að **fækka yngstu börnunum á hvert stöðugildi** á ungbarnadeildum/skólum.

Leikskólagjöld hafa verið **tekjutengd** frá árinu 2022 þannig að þeir sem falla undir viðmiðunarmörk geta sótt um 40% afslátt af leikskólagjöldum.

Í júní 2022 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar fyrirkomulag biðlistagreiðslna. Foreldrar getað sótt um **biðlistagreiðslur** fyrir börn frá 12 mánaða aldri þar til viðkomandi barn kemst inn í leikskóla. Stefnt er að öll börn sem orðin eru 12 mánaða þann 1. ágúst ár hvert eigi kost á hefja leikskólagöngu.

Í mars 2023 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að **fella niður leikskólagjöld milli jóla- og nýárs og í Dymbilviku** ef börn eru í frii á þeim tíma.

Í júlí 2023 samþykkti bæjarráð Garðabæjar að heimila starfsfólki í leikskólum að sækja **fagnám í leikskólafræðum** með stuðningi bæjarins sem meðal annars felst í styrkjum og heimild til að sækja nám á launum. Það bætist við aðrar heimildir til náms í leikskólafræðum. Gert er ráð fyrir að mæta samþykktum námsleyfum innan fjárhagsáætlunar leikskóla.

Í **reiknilíkani leikskóla fyrir fjárhagsáætlun** er meðal annars gert ráð fyrir kostnaði til að mæta afleysingum vegna aukins orlofs og undirbúningstíma.

Tillögur

Markmið tillagna er að bæta enn frekar skipulag og starfsumhverfi leikskóla í Garðabæ þannig að tryggja megi stöðugleika í leikskólastarfinu og farsæld barna. Áframhaldandi vegferð í innleiðingu á styttingu vinnutíma mun markast af ákvarðanatöku um þær tillögur sem nú liggja fyrir. Tillögur sem liggja fyrir eru allar til umfjöllunar auk greininga og rökstuðnings. Einnig liggur fyrir að fara þarf fram frekari greining.

Tillögur sem hafa áhrif á mönnun og dvalartíma barna:

1. Lagt er til að stytta daglegan opnunartíma leikskóla í Garðabæ frá 17:00 í 16:30.
2. Lagt er til að boðið verði upp á sveigjanlegri vistunartíma barna innan vikunnar í leikskólum Garðabæjar frá 20 tímum til 42,5 tíma.
3. Lagt er til að leikskólar í Garðabæ loki kl. 14.00 á föstudögum.
4. Lagt er til að sumarleyfi barna í leikskólum í Garðabæ verði aukið úr fjórum vikum í fimm.
5. Lagt er til að leikaskólar í Garðabæ loki í vikunni fyrir Verslunarmannahelgi.
6. Lagt er til að leikskólagjöld í leikskólum í Garðabæ falli niður í vetrarfríi grunnskóla ef börn eru í frii.
7. Lagt er til að skipulagsdögum leikskólum í Garðabæ verði fjölgað frá fjórum í fimm.

Aðrar tillögur:

8. Lagt er til að starfsfólk með lögheimili í Garðabæ verði boðin forgangur að ákveðnum fjölda leikskólalássa gegn skilyrðum.
9. Lagt er til að starfsfólk með lögheimili í Garðabæ fá afslátt af leikskólagjöldum gegn skilyrðum.
10. Lagt er til að breyta viðmiðum um grunnmönnun í leikskólum í Garðabæ.
11. Lagt er til að hverri deild í leikskólum Garðabæjar verði tryggður sami undirbúningstími.
12. Lagt er til að fleiri starfsheiti verði skilgreind inn í leikskólum Garðabæjar.
13. Lagt er til nýtt samræmt starfsheiti fyrir starfsfólk í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila verði til í Garðabæ.
14. Lagt er til að gerð verði heilstæð áætlun fyrir leikskóla Garðabæjar til að takast á við mikla fjarveru og kostnað vegna veikinda starfsfólks.
15. Lagt er til að efla fræðslu og endurmenntun starfsfólks leikskóla Garðabæjar.
16. Skoða fjölda fermetra í leikrými, aðstöðu starfsfólks og annað rými í leikskólum Garðabæjar.

Næstu skref

Í framhaldi af fundi leikskólanefndar þar sem tillögurnar eru til kynningar og umfjöllunar munu fulltrúar frá foreldraráðum leikskóla vera boðið á vinnufund í september til að ræða tillögur sem snúa beint að foreldrum. Í framhaldi af þeim fundi gefst foreldraráðum tækifæri til að skila inn umsögnum um tillögurnar.

Í byrjun október fara tillögur á nýjan leik fyrir leikskólanefnd og þá hafa allir hagaðilar, fjölskyldur, starfsfólk og kjörnir fulltrúar komið að ferlinu. Leikskólanefnd mun þá fjalla um tillögurnar og þær ábendingar sem hafa borist og vinna endanlegar tillögur fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

Stefnt er að því að þessu ferli verði lokið fyrir fyrri umræðu um fjárhagsáætlunargerð sem er þann 2. nóvember. Samhliða fjárhagsáætlunargerð verður gjaldskrá leikskóla endurskoðuð meðal annars með tilliti til dvalarlengdar.

Virðingarfyllt
Linda Udengård
Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs